

## Berserkseyri

Bjarni Sigurðsson, Berserkseyri, las skrá Þorleifs Jóhannessonar og skráði athugasemdir og viðbætur við hana. Síðan felldi Sigríður Jóhannsdóttir þær inn í lýsingu Þorleifs.

Bjarni Sigurðsson er fæddur árið 1896 og hefur búið á Berserkseyri síðan vorið 1919.

Fremst (austast) á nesinu milli Kolgrafafjarðar og Hraunsfjarðar standa Berserkseyrarbæirnir, eða – eins og nú er – húsin. Það voru áður tvær jarðir, en voru fyrir allöngu sameinaðar. Nú er þar aftur tvíbýli, og liggja túnin saman.

Ytra húsið stendur nú þar, sem ytri bærin stóð áður. Suður frá húsinu var völlum, sem hét **Virki** (1), afgirtur með fornum garðlögum. Nú er búið að slétta völlum þennan og jafna garðlögin við jörðu. Gerðið var um 80 x 40 metrar. Ekki er vitað til hvers það var notað. Fyrir vestan Virkið var tún, sem kallað var **Kottún** (2). Kotið hefur staðið þar, sem nú eru fjárhúsin frá ytri bænum. Í norður frá húsinu var völlum, sem **Gatnavöllur** (3) hét. Lá hann út með Virkjum og út að (Vestur-) Kottúninu. Niðurtúnið hét **Kaupamannavöllur** (4). Nú er búið að slétta þessa velli. Austur frá húsinu er allstór hóll. Þar stóðu bæirnir um skeið, og eru þar miklar byggingaleifar.

Fyrir ofan þetta tún var allstór fornleg girðing, er lá frá austri til vesturs, og hafði þvergarður skipt henni í tvennt. Girðing þessi var kölluð **Traðir** (5).

Innri-Berserkseyri: Efri hluti þess túns, í suðvestur frá húsinu, hét **Svíri** (6). Austur og niður túnið hét **Óberja** (7). Um það var fornt garðlag.

Allir þessir túnhlutar, sem nefndir hafa verið, eru nú orðnir sléttir og takmörk þeirra horfin.

Austur frá túninu er lítil stargresismýri, sem kölluð er **Veita** (8). Nær hún niður að sjávarbakka og austur að **Árholtflöt** (9). Litlu neðar og innar (austar) heita **Ármót** (10), þar fellur Dalá til sjávar (sjá síðar). Austan árinna við sjávarmálið er malarkampur, er **Háikampur** (11) heitir. Fyrir ofan kampinn eru sléttar mosavaxnar sléttur með ánni. Eru

þær kallaðar **Eyrrar** (12) (**Berserkseyrar** (13)). Upp af Eyrnum eru hæðir, sem kallaðar eru **Holtin** (14). Fyrir ofan þau er **Múlamýri** (15). Hún er framan undir múla þeim, sem er austan við Berserkseyrardal og er kallaður **Austurmúli** (16). Í austurhluta hans eru klettabelti, sem heita **Girðingar** (17) og ná að landamerkjum milli Berserkseyrar og Fjarðarhorns. Múlamýri nær austur að gili, er kemur ofan Austurmúlaendann og **Dagmálagil** (18) heitir. Í Múlamýrinni er smáklettabunga, sem heitir **Hundastapi** (19). Þar sem Dagmálagil fellur til sjávar, eru háar brekkur báðum megin þess. Heita þær **Kúalág** (20). Nokkru innar (austar) gengur hátt holt fram að firðinum (**Seljafirði** (21)). Heitir það **Kallholt** (22).

Við flæðarmálið, fyrir neðan tún Berserkseyrar, er stór jarðfastur klettur, sem er kallaður **Merkjaklettur** (23). Nokkru fyrir vestan Merkjaklettinn eru **Naustin** (24). Þau hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti. Í fjörunni niður undan Naustunum er sérstakur einstæður steinn, sem heitir **Vararkollur** (25). Neðst í túninu á móts við Naustin er **Stapinn** (26), grasi vaxin þúfa á klöpp.

Fram í fjörunni nokkru austar en Merkjaklettur er **Litlaeyri** (27) og svo **Flæðieyri** (28). Nokkru suðaustar er **Sandeyrin** (29), en hún er ekki sjáanleg nema um stórar fjörur. Austur af Eyrnum er **Vikið** (30). Suðaustan við það eru **Háubakkar** (31), og ná þeir austur að Kúalág.

Í fjörunni austur af Kallholti er smásker, sem heitir **Flagan** (32) eða **Kallholtsflaga** (33). Nokkru suðaustar er hnattlaga hraunsteinn, sem heitir **Grettistak** (34), sjáanlega aðfluttur með ís, frá Berserkjahrauni, sem liggur að firðinum nokkru innar.

Næsta klettanös, sem gengur fram úr bökkunum austan við Kallholtið, heitir **Veiðiklettur** (35). Austur af þeim kletti er **Kallholtseyri** (36), víðáttumikil sandeyri. Nú er búið að gera sandrif fram á eyrina, og hefur útlit hennar mikið skipt um svip við það.

Austan Dagmálagils, frá Kallholti og upp að **Múlabrún** (37), gengur hryggmynduð bunga, sem heitir **Múlarönd** (38). Því nær miðja vegu milli fjalls og fjöru er klettastapi með grasi vaxinni þúfu efst. Stapi þessi heitir **Sjónarhóll** (39). Nokkru suðaustar eru mjög gamlar tóftir, sem kallaðar eru **Sel** (40). Næsta leiti fyrir framan tóftirnar heitir **Selhryggur** (41). Við hann er smámýri, sem heitir **Selmýri** (42). Fyrir sunnan Selhrygg er djúpur skurður eða skriðufarvegur. Heitir hann **Djúpiskurður** (43) og

er við **Mjósund** (44) (**Mjósyndi** (45)). Nær hann frá klettagirðingunum og til sjávar. Við Djúpaskurð eru landmerki milli Berserkseyrar og Fjarðarhorns í Helgafellssveit.

Suður frá Berserkseyrartúni, á milli Kolgrafamúla og Austurmúla, gengur fram allstór og hrjóstrugur dalur, sem **Berserkseyrardalur** (46) heitir. Eftir honum miðjum rennur smáá, sem **Dalá** (47) heitir. Í hana falla smágil bæði að austan- og vestanverðu. Vesturbakkar hennar heita **Svörtuklettur** (48) frá Djúpagili að Miðgili og **Kaupstaðarklettur** (49) þar fyrir norðan að Stekkjargili (Árholti).

Vestan við Múlamýri eru Holtin. Austan árinna, en vestan við Holtin er lyngi vaxið og slétt svæði, sem heitir **Jafnageiri** (50). Nær hann frá Holtunum fram að norðasta gilinu, en það heitir **Gíslagil** (51). Þar er **Gíslamýri** (52). Klettarnir í Múlanum báðum megin við gilið heita **Gíslaklettur** (53).

Þar sem Gíslagil fellur í Dalá, myndast þríhyrnt nes, er heitir **Alnbogi** (54). Í nesinu eru fornar tóftir, sem kallaðar eru **Austurstekkur** (55). Ekki er vitað, hvenær hann var notaður.

Sunnan Gíslagils er hlíðin nefnd **Austurhlíð** (56) fram í dalbotn. Fyrir ofan miðja hlíðina allt að Múlabrún eru grasi vaxnar brekkur, er heita **Norðurból** (57). Sunnan við Norðurbólin, á há múlanum, er þúfumyndaður grjóthóll sem heitir **Þórshnúa** (58). Lækkar múlinn fyrir sunnan hólinn og verður söðulbakaður. Þar heita **Hádegisbrekkur** (59). Ná þær suður að **Gjafa** (60) (**Gjafakolli** (61)). Neðan við brekkurnar er slakki í fjallið, votlendar lautir, er heita **Suðurból** (62). Eru þar margar vatnssuppsprettur, er einu nafni kallast **Lækir** (63). Falla þeir allir í Dalá. Hlíðin fyrir dalbotninum heitir **Gjafahlíð** (64). Eru það brekkur og bungur allt upp að Gjafa. Inn úr dalbotninum gengur djúpt gljúfragil nokkuð upp í Gjafahlíðina. Gil þetta heitir **Rangali** (65) (eða **Gjafagil** (66)). Upp með því að austan gengur grjóthryggur, er **Rangalaholt** (67) heitir, en að vestanverðu eru **Hamragirðingar** (68). Fyrir ofan girðinguna eru grasgeirar, er heita **Sneplar** (69).

Vestan við gilið á láglandi í dalnum er mosavaxið sléttlendi, sem kallað er **Flatir** (70). Ná þær að syðsta gilinu í dalnum vestanverðum. Það gil heitir **Snjógil** (71). Norðan við það er allstór brokmýri, er **Snjógilsmýri** (72) heitir. Nokkru norðar í hlíðinni er gil, er **Djúpagil** (73) heitir. Myndar það stóra gróðurlausa kvos inn í Kolgrafamúla, norðan við **Snjógilskúlu** (74). Litlu norðar er annað gil, sem heitir **Miðgil** (75). Fram með því eru

grasivaxnar lautir, sem **Tófulágar** (76) heita. Þá er næst norðasta og stærsta gilið. Heitir það **Stekkjargil** (77). Það myndar einnig stóra kvos inn í hlíðina, sem nokkur gróður er í. Sunnan við Stekkjargil, þar sem það fellur í Dalá, eru stórþýfðir grasmóar. Í þeim eru allmiklar fornar rústir með garðlagi umhverfis. Rústir þessar eru kallaðar **Fornistekkur** (78). Norðan við gilið, við hlíðina, eru og rústir. Eru þær kallaðar **Stekkur** (79). Hætt var að nota þann stekk um síðustu aldamót. Niður undan rústum hans er mýri, sem **Stekkjarmýri** (80) heitir. Norðan við Stekkjarmýri eru **Hvörfin** (81), bunguvaxnir grasmóar frá fjallshlíðinni niður að Dalá.

Sunnan við túnið eru tungumyndaðir grasmóar, sem kallaðir eru **Bali** (82). Frá Stekkjarmýri að Árholti og Bala skiptast á holt og mýrarsund. Svæði þetta er kallað **Holtasund** (83). Niður með Balanum að suðvestanverðu fellur smálækur, er heitir **Jónslágarlækur** (84). Austan við lækinn er stórt holt, er **Árholt** (85) heitir. Laut sú, er lækurinn fellur um, heitir **Jónslág** (86).

Upp frá túninu voru Traðirnar (sjá áður). Um þær féll lækur, er **Traðalækur** (87) heitir. Hann á upptök sín í smádal í Kolgrafamúla austanverðum, er **Nóndalur** (88) heitir. Norðan við Nóndalinn eru **Kórarnir** (89), klettastapar í fjallsröndinni, sem nær frá láglandi að fjallsbrún. Á fjallsbrúninni ofan við Nóndalinn er smábunga, þúfulöguð efst, sem heitir **Nónkúla** (90). Í hlíðinni neðan við Kórana er **Tófubyrgið** (91). Það er hlaðið úr grjóti. Var notað til geymslu á yrðlingum.

Við Traðarlækinn er **Lindin** (92), kaldavermsluuppspretta, vestur af **Kvíabarðinu** (93), sem er suður frá íbúðarhúsi Innri-Berserkseyrar. Þar fyrir neðan heitir lækurinn **Bæjarlækur** (94). Fellur lækurinn um djúpa lægð, sem heitir **Hvammur** (95). Norðan við lækinn er grasi vaxin klöpp, sem heitir **Kastalinn** (96). Norður frá honum er **Hlöðuhóllinn** (97). Á móts við Kastalann er **Kastalafoss** (98), og fellur hann í **Kastalapytt** (99). Þaðan rennur lækurinn áleiðis til sjávar við Ármót. Vestan við Traðalækinn er stór grasivaxin bunga, sem kölluð er **Skriða** (100). Vestan við hana er lægð, er **Skriðukrókur** (101) heitir. Vestur frá túninu var stór mýri, sem hét **Kotmýri** (102), en nú hefur hún verið ræktuð. Neðan við hana er er kambmyndað barð, er heitir **Hvörfin** (103). Niður frá Hvarfinu eru grasmóar að sjávarbakkanum. Þar fram af gengur klettarani, sem kallaður er **Snoppa** (104). Meðfram sjónum eru smáþýfðir móar, sem kallaðir eru **Bakkarnir** (105). Þar sem móarnir enda, gengur klettatangi langt í sjó fram.

Heitir hann **Ytrabyrgistangi** (106). Nálægt Snoppunni er smásker, sem heitir **Kattarklöpp** (107). Þar fram af eru **Tangarnir** (108), en svo heitir fjaran innan frá Naustunum, alla leið að **Ytrabyrgi** (109). Það er gamalt smábyrgi, hlaðið úr grjóti, sennilega gamalt skothús. Frá því gengur Ytrabyrgistangi fram í sjó. Upp frá tanganum er mýri, sem heitir **Mómýri** (110). Í henni eru gamlar mógrafir, sem kallaðar eru **Ytrabyrgisgrafir** (111). Þar við eru **Ytrabyrgisstapar** (112). Nokkru fyrir ofan Mómýri (nær fjallinu) er holt, sem kallað er **Móholt** (113). Er það framhald af Hvarfinu. Mór var tekinn upp í Mómýri og þurrkaður á Móholti fram til 1956. Þá var mótekju hætt á Berserkseyri. Mórinn var þrjár skóflustungur og þótti fremur góður. Fyrir utan og neðan (norðvestan) Kotmýrina er einstakur klettastapi, sem heitir **Kýrstapi** (114). Nokkru utar, sjávarmegin við Mómýrina, eru aðrir klettastapar. Heita þeir **Móstapar** (115).

Upp við fjallið (Kolgrafamúla) er fjárrétt. Heitir þar **Grjótstekkur** (116). Nokkru vestar með hlíðinni er mosavaxið grjótbarð, er heitir **Skiphóll** (117). Fyrir vestan Skiphól og niður með Móholti gengur grasivaxin laut, sem heitir **Langalág** (118). Niður frá Löngulág fellur smálækur, er **Mólækur** (119) heitir. Dreifist hann um mýri, sem er þar niður undan og **Tjarnarmýri** (120) heitir. Nær hún austur að Móstöpum og niður að sjó. Neðst í mýrinni er tjörn, sem heitir **Akrastapatjörn** (121). Niður undan mýrinni, en austan við tjörnina gengur fram tangi, er **Baulutangi** (122) heitir. Nokkru vestar gengur annar klettatangi fram, er **Akrastapatangi** (123) heitir. Upp frá honum, vestan við Akrastapatjörn, eru stapar, sem **Akrastapar** (124) heita. Suðvestan við Akrastapa eru fornlegar girðingar í tvennu lagi. eru þær kallaðar **Akrarnir** (125).

Austan við Baulutanga er smásker, sem heitir **Skarfaklettur** (126). Sjávarmegin við Akrastapatjörn er **Tjarnarrifið** (127), og nær það frá Baulutanga að Akrastapatanga.

Vestur frá Akrastöpum gengur langt, flatlent nes vestur í fjörðinn. Er það kallað **Berserkseyraroddi** (128). Er hann allbreiður vestast og nokkuð grasi vaxinn. Þar er lítil tjörn, er heitir **Oddatjörn** (129). Sá tangi Berserkseyrarodda, er gengur lengst til vesturs í sjó fram, heitir **Oddatá** (130). Austast og efst er **Oddinn** (131) því nær sundurskorinn. Heitir þar **Oddarif** (132). Norður frá Oddanum liggja sker, sem **Grandeyjarsker** (133) heita. Þetta er allmikill skerjaklasi, mjög mishæðóttur og næstum sundurskorinn á tveimur stöðum. Þær lögðir eru kallaðar **Efriáll** (134) og **Fremriáll** (135).

Fremsta skerið er hæst og heitir **Grandeyjarskerjahaug** (136). Austur af skerjahaugnum er allstór einstakur klettur, sem heitir **Naggur** (137). Fram á hann fjarar aldrei, og um flóð fara öll skerin í kaf.

Suður og upp af Akrastöpum, vestan við Tjarnarmýrina, er langt, en mjótt holt, sem heitir **Torfholt** (138). Þar var þurrkað torf, sem tekið var upp í Hópmýrum (sjá síðar). Torfristan þótti léleg. Upp frá Torfholti, allt til fjalls, eru bunguvaxnir lyngmóar. Er þar kallað **Nýjasteinshvarf** (139). Þar fyrir vestan koma víðáttumiklar mýrar, er **Hópmýrar** (140) heita. Ná þær austan frá Torfholti og vestur á merkin milli Berserkseyrar og Kolgrafa, en þau eru um Þrísteina (sjá Kolgrafir).

Milli Berserkseyrarodda og Kolgrafaodda er allstór vogur, sem kallaður er **Hópið** (141). Í því er lítill hólmi, sem heitir **Hópsbólmi** (142).

Fyrir vestan Akrana er lítil tjörn, sem heitir **Lóm(a)tjörn** (143). Úr henni er smálækur, sem rennur í **Hópvíkið** (144), sem er suðvestan við Oddarifið. Að vestanverðu við tjörnina eru grasivaxnir móar, sem heita **Hópbakkar** (145). Ná þeir meðfram Hópinu að Hópmýrum. Fremst í Hópinu milli oddanna er **Eyrin** (146).

Á Nýjasteinshvarfi vestan við Löngulág er stór steinn, sem heitir **Nýsteinn** (147). Mun hann á sínum tíma hafa fallið úr Múlanum.

Eyktamörk: Dagmálagil, Hádegisbrekkur og Nón dalur eða Nónkúla. Ekki eru þekkt fleiri nákvæm eyktamörk frá Berserkseyri.

Loks verða hér talin upp örnefni, sem nú eru horfin og takmörk ekki lengur sjáanleg.

Virki (1), Kottún (2), Gatnavöllur (3), Kaupamannavöllur (4), Traðir (5), Svíri (6), Óberja (7), Kotmýri (102), **Viðbjóður** (148), **Kvíar** (149), **Bæjarhóllinn** (150), **Bingir** (151), **Móabarð** (152); ofantalin vegna ræktunar.

**Bakkflöt** (153), **Hundapúfa** (154) og **Votamýri** (155) vegna vegagerðar.

Örnefnastofnun 17. maí 1978,

Sigríður Jóhannsdóttir

## Stafrófsskrá örnefna

Akrar(nir) 125	Grandeyjarsker 133
Akrastapar 124	Grandeyjarskerjahaug 136
Akrastapatangi 123	Grettistak 34
Akrastapatjörn 121	Grjótstekkur 116
Alnbogi 54	Hamragirðingar 68
Austurhlíð 56	Hádegisbrekkur 59
Austurmúli 16	Háikampur 11
Austurstekkur 55	Háubakkar 31
Árholt 85	Hlöðuhóllinn 97
Árholtsflöt 9	Holtasund 83
Ármót 10	Holtin 14
Bakkaföt 153	Hópbakkar 145
Bakkar(nir) 105	Hópið 141
Bali 82	Hópmýrar 140
Baulutangi 122	Hópsbólmi 142
Berserkseyrar 13=12	Hópvikið 144
Berserkseyrardalur 46	Hundastapi 19
Berserkseyraroddi 128	Hundaþúfa 154
Bingir 151	Hvammur 95
Bæjarhóllinn 150	Hvörfin 81
Bæjarlækur 94	Hvörfin 103
Dagmálagil 18	Jafnageiri 50
Dalá 47	Jónslág 86
Djúpagil 73	Jónslágarlækur 84
Djúpiskurður 43	Kallholt 22
Efriáll 134	Kallholtseyri 36
Eyrar 12=13	Kallholtsflaga 33=32
Eyryn 146	Kastalafoss 98
Flagan 32=33	Kastalapyttur 99
Flatir 70	Kastalinn 96
Flæðieyri 28	Kattarklöpp 107
Fornistekkur 78	Kaupamannavöllur 4
Fremriáll 135	Kaupstaðarklettur 49
Gatnavöllur 3	Kotmýri 102
Girðingar 17	Kottún 2
Gíslagil 51	Kórar 89
Gíslaklettur 53	Kúalág 20
Gíslamýri 52	Kvíabarð 93
Gjafagil 66=65	Kvíar 149
Gjafahlíð 64	Kýrstapi 114
Gjafakollur 61=60	Langalág 118
Gjafi 60	Lindin 92

Litlaeyri 27	Stekkjarmýri 80
Lóm(a)tjörn 143	Stekkur 79
Lækir 63	Suðurból 62
Merkiaklettur 23	Svíri 6
Miðgil 75	Svörtuklettur 48
Mjósund 44=45	Tangarnir 108
Mjósyndi 45=44	Tjarnarmýri 120
Móabarð 152	Tjarnarrif 127
Móholt 113	Torfholt 138
Mólækur 119	Tófaburgi 91
Mómýri 110	Tófulágar 76
Móstapar 115	Traðalækur 87
Múlabrún 37	Traðir 5
Múlamýri 15	Varakollur 25
Múlarönd 38	Veiðiklettur 35
Naggur 137	Veita 8
Naustin 24	Viðbjóður 148
Norðurból 57	Vikið 30
Nóndalur 88	Virki 1
Nónkúla 90	Votamýri 155
Nýisteinn 147	Ytraburgi 109
Nýjasteinshvarf 139	Ytraburgisgrafir 111
Oddarif 132	Ytraburgisstapar 112
Oddatá 130	Ytraburgistangi 106
Oddatjörn 129	Þórshnúa 58
Oddi (nn) 131	
Óberja 7	
Rangalaholt 67	
Rangali 65=66	
Sandeyrin 29	
Sel 40	
Selhryggur 41	
Seljaþjórður 21	
Selmýri 42	
Sjónarhóll 39	
Skarfaklettur 126	
Skiphóll 117	
Skriða 100	
Skriðukrókur 101	
Sneplar 69	
Snjógil 71	
Snjógilskúla 74	
Snjógilsmýri 72	
Snoppa 104	
Stapinn 26	
Stekkjargil 77	